

„Séralit Ingunnar Guðmundsdóttur vegna umfjöllunar stjórnar Byggðastofnunar um drög að svari við erindi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra frá 21. júlí 2017 um vanda sauðfjárbænda.

Vandi íslenskra sauðfjárbænda er mikill um þessar mundir og samfélagið allt meðvitað um nauðsyn þess að bregðast við með myndarlegum hætti. Annars vegar til skamms tíma og hinsvegar til framtíðar.

Nú liggur fyrir afgreiðsla Byggðastofnunar á erindi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um vanda sauðfjárbænda. Undirrituð styður efni álitsins nema hvað varðar þá hugmynd að aftur verði tekin upp útflutningsskylda á sauðfjárafurðum og auk þess heimild til markaðssamráðs afurðastöðva varðandi útflutning. Slíkt er ótímabært á meðan engar upplýsingar liggja fyrir um núverandi lager afurðastöðva af kjöti. Og ekki heldur hversu hratt muni ganga að fækka fé. Slík ráðstöfun er einnig mikið kerfisinngríp sem kallar á lagabreytingar. Það er mikið í lagt sérstaklega þegar haft er í huga að aðgerðin er hugsuð til skamms tíma.

Undirrituð telur að hægt sé að ná jafn góðum eða betri árangri í sölu sauðfjárafurða með því að auka stuðning stjórnvalda við vöruþróun, útflutning og almenna markaðssetningu. Það væri góð fjárfesting sem nýtast myndi til lengri tíma.,,